



Akureyri, 10. ágúst 2010.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (sameining ráðuneyta), 658. mál

Með tölvupósti dags. 22. júní s.l. var óskað eftir umsögn Sjúkrahússins á Akureyri um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (sameining ráðuneyta), 658. mál.

Framkvæmdastjórn sjúkrahússins hefur fjallað um erindið.

Umsögn:

Fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að markmið með sameiningunni sé m.a. hagkvæmni, aukin skilvirkni, einfaldari stjórnsýsla og að koma í veg fyrir óskyra verkaskiptingu og auka sveigjanleika til breytinga.

Framkvæmdastjórn telur framsett markmið ágæt.

Varðandi þau áform að sameina heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið í eitt velferðarráðuneyti er ástæða til að vekja sérstaka athygli á stærð þess ráðuneytis eftir sameiningu. Miðað við fjárlög 2010 mundi sameinað ráðuneyti fara með tæp 50% ríkisútgjalda að frádregnum vaxtagjöldum. Það er eðlilegt að spyrja hvort tryggt sé að bestur árangur náist með slíkri sameiningu. Hafa má efasemdir um að skynsamlegt sé að eitt ráðuneyti og einn ráðherra stýri svo háu hlutfalli útgjalda ríkissjóðs.

Með formlegum samningum milli ráðuneyta og/eða við sveitarfélög má í sumum tilvikum tryggja sambærilegan árangur og næðist við sameiningu.

Endurskipulagning stjórnsýslunnar er nauðsynleg og einnig þeirrar þjónustu sem ríkið veitir.

Tryggt þarf að vera að þær breytingar sem verða gerðar nái skilgreindum markmiðum og stuðli að góðri þjónustu og hagkvæmri nýtingu fjármuna.

Virðingarfyllst,

---

Halldór Jónsson, forstjóri